



Alþýðusamband Íslands

Ályktun ársfundar ASÍ 2010 um nýsköpun

Með hvaða hætti er hægt að renna styrkum stoðum undir nýsköpun?

Ísland býr yfir miklum framtíðarmöguleikum og verðmætum við atvinnuuppbyggingu sem grundvallast á sjálfbærri nýtingu auðlinda okkar, afurða til lands og sjávar, hreinnar orku og náttúrunnar. Sama gildir um þann mannauð sem í þjóðinni býr. Með því að leggja áherslu á framangreinda þætti getum við byggt upp öflugt atvinnulíf til framtíðar á sjálfbærum grunni.

Efla þarf fræðslu og skapandi hugsun, virkja frumkvöðla og skapa þeim vinnuaðstæður, bæði fjárhagslega og með rannsóknaraðstöðu með náttúruvernd og sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Mikilvægt er að tengja nýsköpun við það sem fyrir er, með áherslu á nýjar aðferðir, verklag og skipulag á grundvelli nýrrar þekkingar, t.d. fullvinnsla fiskafurða og útblástur stóriðju til eldsneytisframleiðslu. Taka þarf til endurskoðunar stefnu, skipulag og markmið í orku- og auðlindamálum og hafa það að leiðarljósi að orkan nýtist hér á landi. Þjóða á matvælaframleiðendum orkuna á sama verði og stóriðju. Markaðssetja á íslenskar afurðir sem umhverfisvænar afurðir til útflutnings – Grænt og hollt .

Stefna ASÍ

- Beita sér fyrir frekari menntun í nýsköpunarfræðum.
- Beita sér fyrir auknu fjármagni til nýsköpunar
- Beita sér fyrir því að skattaumhverfi verði bætt þannig að það styðji betur við nýsköpunarfyrirtæki .
- Beita sér fyrir því að nýsköpun verði sem umhverfisvænust

Verkefni ASÍ

- Beita sér fyrir námskeiðum í því hvernig á að sækja um styrki
- ASÍ auki námsframboð og fjölbreytni símenntunar félagsmálaskólans
- ASÍ skapi félagsmönnum aukið svigrúm til símenntunar
- ASÍ taki höndum saman við stjórnvöld og atvinnulíf við uppbyggingu endurmenntunar og nýsköpunar.
- Beita sér fyrir breytingum á skattaumhverfi nýsköpun til hagsbóta.
- ASÍ styðji viðleitni til fullvinnslu afurða til útflutnings á grundvelli ímyndar um græn gildi og hollustu.